

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

sent með tölvupósti á: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 31. mars 2023

### Umsögn Landverndar um tillögu til þingsályktunar um um græna hvata fyrir bændur, 71. mál

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér þingsályktun ásamt greinargerð sem liggur fyrir og styður hana enda er í hún í samræmi við fyrri tillögur samtakanna t.d. varðandi aðgerðaáætlun í loftslagsmálum. Framfarir í þessum málalfokkum undanfarin ára hafa ekki verið í samræmi við væntingar og því mikilvægt að fara yfir og bæta styrkja- og hvatakerfið.

Landvernd vill nota tækifærið og benda á að kjötneysla á Íslandi er nú allt of mikil eigi umhverfis- og lýðheilsuáhrif að nást<sup>1</sup>. Þá taka samtökin undir mikilvægi endurheimtar votlendis, illa farins mólendis og skógræktar sem fram koma í greinargerð. Samtökin vilja þó áréttta að fara verður varlega í skógrækt með erlendum tegundum sem geta orðið ágengar og mikilvægt að stjórnvöld meti hvort ekki sé ástæða til að gæta sérstakrar varúðar við notkun stafafuru og stikagrenis í skógrækt eins og Landvernd hefur kallað eftir.

Stjórn Landverndar þakkar flutningsmönnum fyrir að leggja fram þessa þingsályktun og vonar að hún fái afgreiðslu á þessu þingi.

*Með vinsemd og virðingu  
f.h. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

<sup>1</sup> [Food in the Anthropocene: the EAT–Lancet Commission on healthy diets from sustainable food systems \(thelancet.com\)](https://www.thelancet.com)

[Hvadbordaislendingar vefur lok uppf rt nov22.pdf \(ctfassets.net\)](#)